

Betri Bakkafjörður

Framtíðarsýn og markmið

Brothættar byggðir



BYGGÐASTOFNUN



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga



EYÞING
SAM BAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRDI OG ÞINGEYJARSÝSLUM



Langanesbyggð

Betri Bakkafjörður

Efnisyfirlit	bls
Inngangur	3
Stjórn verkefnisins „Betri Bakkafjörður“	4
Hugtakanotkun og orðaskýring	5
Framtíðarsýn 2025	6
Starfsmarkmið	7
Skýringar á skammstöfunum	12
SVÓT-greining	13
Tillögur ráðherraskipaðrar nefndar í nóvember 2018	14
Samantekt frá Ildi ehf, þjónustu og ráðgjöf unnin upp úr íbúáþingi frá mars 2019	20
Forgangsröðum	21
Viðauki - Starfsmarkmið - aðgerðir	22



Inngangur

Verkefnið Betri Bakkafjörður er eitt af þeim verkefnum sem heyra undir Bygðastofnun með vinnuheitinu Brothættar byggðir. Verkefnisstjóri kom til starfa þann 1. júní 2019. Verkefnisstjóri gegnir hlutverki leiðtoga í verkefninu Betri Bakkafjörður ásamt verkefnisstjórn og starfar í umboði hennar. Verkefnisstjóri fylgir eftir stefnu og markmiðum verkefnisins, eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Verkefnisstjóri er tengiliður milli verkefnisstjórnar og íbúa, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila og vinnur að valdeflingu samfélagsins. Auk þess er verkefnisstjóri tengiliður við Bygðastofnun og aðra þátttakendur í verkefninu.

Helgina 30. – 31. mars 2019 var haldið íbúaping sem segja má að hafi verið upphaf verkefnisins Betri Bakkafjörður. ILDI þjónusta og ráðgjöf sá um íbúapingið undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur. Niðurstöður þingsins eru vinnugögn verkefnisstjóra og verkefnisstjórnar við mótun tillagna til uppbyggingar samfélagsins á Bakkafirði. Þá er skýrsla starfshóps um málefni byggðarinnar við Bakkafjörð frá febrúar 2018 mikilvægt innlegg í þessa vinnu.

Bakkafjörður er syðsti fjörðurinn inn úr Bakkaflóa. Þorpið Bakkafjörður stendur þar austan megin við fjörðinn. Jörðin Höfn við Bakkafjörð varð löggildur verslunarstaður 8. nóvember 1883, en Örum & Wulff komu þar upp vöruafgreiðslu og fiskmóttöku. Nafnið Bakkafjörður er tekið upp í framhaldi af því að Hagstofan fer að annast skráningu manntals á svæðinu. Helst atvinna á

svæðinu hefur verið landbúnaður, fiskveiðar og fiskvinnsla. Auk þess voru nokkur starfsemi á vegum Ratsjárstofnunar á Gunnólfsvíkurfjalli á árunum 1993–2005. Bakkafjörður liggur vel við fengsælum fiskimiðum, þá hentar svæðið vel til búskapar, þó einkum sauðfjárbúskapar og nytjaskógræktar. Atvinnuhúsnæði er til staðar í þéttbýlinu, sem skapar möguleika til að nýta í atvinnuuppbyggingar af ýmsu tagi. Fámennið er ákveðið tækifæri til að byggja upp ferðamennsku fyrir tiltekinn markhóp.

Framtíðarsýn til 2025 er sett fram með fjórum

meginmarkmiðum sem styðja við framtíðarsýnina og „toga“ verkefnið áfram. Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg markmið, svokölluð starfsmarkmið (SMART), sem gefa til kynna hvaða viðfangsefni eru á dagskrá og hvenær. Lista yfir aðgerðir hvers starfsmarkmiðs er að finna í viðauka skjalsins.

Ákveðnum aðilum er ætlað að bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna. Það leysir okkur hin sem viljum að samfélagið dafni þó ekki undan ábyrgð á þátttöku í verkefnunum.



mynd: ÓÁR

Stjórn verkefnisins „Betri Bakkafjörður“

Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt eftir. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, þ.e. sveitarfélagi, landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélagi, íbúum og Byggðastofnun.

Verkefnisstjórnin kemur á tengslum við hagsmunaaðila, t.d. stjórnvöld, stofnanir hins opinbera og sveitarfélaga, fyrirtæki, félagasamtök eða aðra lykilaðila. Meðal annars upplýsir hún stýrihóp Stjórnarráðsins um málefni einstakra verkefna og byggðarlaga, einkum þætti er varða stjórnvöld. Hún sér um kynningu og hefur umsjón með framkvæmd íbúafings og íbúafunda. Hún tekur virkan þátt í að móta framtíðarsýn, verkefnastofn og verkefnisáætlun byggða á áherslum íbúafings og greiningu á stöðu byggðarlagsins. Verkefnisstjórn ber ábyrgð á framvindu þeirrar vinnu og snertifletir við aðrar áætlanir eru meðal annars greindir.

Verkefnisstjórnin hefur umsjón með gerð árlegra verkefnis- og kostnaðaráætlana, ársskýrslu og uppgjors og ber jafnframt ábyrgð á úthlutun styrkja. Verkefnisstjórn metur verkefnið árlega í samstarfi við Byggðastofnun. Nánari upplýsingar um matið er að finna í viðauka VI með verkefnislýsingu á heimasíðu Byggðastofnunar. Í verkefnisstjórn sitja fulltrúar samstarfsaðila og fara með umboð til ákvarðanatöku um verkefnið í hverju byggðarlagi í samræmi við verkefnislýsingu þessa og samning við

atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um Brothættar byggðir. Jafnframt bera fulltrúar ábyrgð á miðlun upplýsinga inn í verkefnisstjórn og frá henni, til sinna umbjóðenda.

Verkefnisstjórn mótar starfslýsingu fyrir verkefnisstjóra þar sem það á við og ræður í starfið. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar. Formaður verkefnisstjórnar og verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, eru talsmenn verkefnisins út á við. Verkefnisstjórn mótar stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.

Stjórn verkefnisins „Betri Bakkafjörður“

Arnmundur Marinósson, fulltrúi íbúa

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar Eypings

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri

Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langanesbyggðar

Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnisstjóri

Hugtakanotkun og orðaskýring

Brothættar byggðir:	Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
„Brothætt byggð“:	Verkefni Brothættra byggða í einstökum þátttökubýggðarlögum fá sérstök heiti. verkefnislýsingunni er hugtakið „brothætt byggð“ notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.
Byggðarlag/byggð:	Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
Framtíðarsýn:	Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
Frumkvæðisverkefni:	Verkefni er felur í sér frumkvæði og framtak fyrirtækis, einstaklings, félagasamtaka eða annarra aðila í viðkomandi byggðarlagi.
Meginmarkmið:	Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og skilgreina framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
Starfsmarkmið:	Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið og á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
Stefnumótun:	Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
Stöðugreining:	Yfirlit og greining helstu þátta er auðkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldersdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.
Valdefling:	Að auka virkni og getu íbúa til að hafa áhrif á þróun samfélags.
Verkefnastofn:	Röð afmarkaðra, innbyrðis tengdra verkefna með sameiginlegt markmið.
Verkfæri/verklag:	Verkfæri (e. toolbox) vísar til Brothættra byggða sem áætlunar sem gripið er til í baráttu gegn hnignun byggðarlaga. Verklag vísar til þeirrar aðferðar sem viðhöfð er í verkefninu og lýst er í þessu skjali og viðaukum þess.
Verkefnisáætlun:	Yfirlit yfir tímaáætlun, kostnað og aðra þætti verkefna í verkefnastofni fyrir Brothættar byggðir.
Virðiskeðja:	Orsakasamhengi aðgerða og árangurs og skilgreining mælikvarða á árangur (e. programme logic model eða intervention theory)
Vörður:	Vörður má nota til að vinna í átt að sértækum takmörkum, áfangamörkum eða tímahléum verkefnis.

Framtíðarsýn 2025

Samfélaginu við Bakkaflóa hefur tekist að stöðva hnignun undangenginna ára og náð markvissum skrefum til bættrar stöðu samfélagsins. Tekist hefur að tryggja stöðugleika með störfum í sjávarútvegi, fjarvinnslu og störfum án staðsetningar, meðal annars með markvissum stuðningi stjórnvalda. Hefðbundinn landbúnaður á jörðum, með nýsköpun og nytjaskógrægt hefur skapað ný störf í dreifbýlinu.

Ferðapjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg og samfélaginu á Bakkafirði hefur lánast að laða til sín störf í nýsköpun og nýjum greinum svo sem náttúrurannsóknum. Samfélagið er skemmtilegt, samheldið og tekist hefur að bæta stöðu byggðarlagsins hvað þjónustu varðar, í góðri sátt við sveitarfélagið og stjórnvöld. Samfélagið á Bakkafirði hefur skapað sér jákvæða ímynd og er þekkt fyrir að vera áhugaverður staður til búsetu og til að sækja heim.

4 meginmarkmið



1
Sterkir samfélagsinnviðir



2
Öflugt atvinnulíf



3
Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar



4
Skapandi mannlíf

Meginmarkmið 1: Sterkir samfélagsinnviðir



1.1

Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnunum og samfélaginu við Bakkafjörð fyrir lok maí 2020. Farnar verði nýjar leiðir sem geta nýst dreifðum byggðum og samræmast getu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra

1.2

Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni fyrir lok mars 2021.

Ábyrgð á samhæfing; verkefnisstjóri í samstarfi við Starfsendurhæfingu Norðurlands, Heilbrigðisstofnunina og VIRK.

1.3

Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu

fyrir 18. október 2019.

Ábyrgð: rekstraraðili Hafnartanga 4

1.4

Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetur/Orkustofnun um átak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði, fyrir lok mars 2020.

Ábyrgð: verkefnisstjórn

1.5

Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samfélaginu í

styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020

Ábyrgð: Verkefnisstjóri.

1.6

Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu

2019, þar með talið þorpið, með tengingu við ljósleiðaranet á Þórshöfn um Brekknaheiði.

Ábyrgð: Langanesbyggð

Meginmarkmið 2: Öflugt atvinnulíf

2.1

Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019.

Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og Byggðastofnun

2.2

Komin verði tvö fjarvinnslustörf á Bakkafirði fyrir lok febrúar 2020.

Ábyrgð: verkefnisstjóri í samstarfi við Langanesbyggð.

2.3

Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa á staðnum fyrir mitt ár 2020 í samræmi við tillögu 5 í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa.

Ábyrgð: verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, ráðuneyti og viðeigandi stofnanir.

2.4

Ferðapjónusta tengd skólahúsnaðinu fyrir lok júní 2019.

Ábyrgð: rekstraraðili Skólagötu 4.

2.5

Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu, til dæmis stangveiði, hvala- eða fuglaskoðun og/eða komu «Expedition» skemmtiferðaskipa fyrir mitt ár 2020.

Ábyrgð: verkefnisstjóri í samstarfi við frumkvöðla.

Meginmarkmið 2: Öflugt atvinnulíf



2.6

Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni

Bakkafjarðar fyrir lok júlí 2020.

Ábyrgð: hverfisráð Bakkafjarðar í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarnefnd Langanesbyggðar og Markaðsstofu Norðurlands

2.7

Koma starfsemi af stað í húsnæði Hafnargötu 2-4, fyrir apríl 2020.

Ábyrgð: Eigendur húsanna í samstarfi við verkefnisstjóra.

2.8

Námskeið í stofnun fyrirtækja, fyrir lok mars 2020.

Ábyrgð: verkefnisstjóri í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð

2.9

Nýta tækifæri í tengslum við vegaf framkvæmdir milli byggðakjarna til að láta útbúa áningastaði/útskot við veginn um Langanesströnd fyrir mitt ár 2020.

Ábyrgð: Sveitarstjórn Langanesbyggðar

Meginmarkmið 3: Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar



3.1

Unnið verði að því með íbúum að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og nærsveita og koma henni á framfæri í samfélaginu og utan þess fyrir mitt ár 2020.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúa og fjölmiðla.

3.2

Kannaður verði möguleiki þess að fá utanaðkomandi aðstoð við að leiða samtal við- og á milli íbúa til að laða fram kraft til breytinga og framfara. Áætlun um næstu skref liggja fyrir lok febrúar 2020.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúasamtök

3.3

Móta aðgerðaráætlun í umhverfismálum á Bakkafirði og nærsveitum fyrir lok apríl 2020.

Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð og íbúa, m.a. með vísan í tillögur ráðherraskipaðrar nefndar um samfélagssáttmála.

3.4

Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina, fyrir lok árs 2021.

Ábyrgð: Langanesbyggð

3.5

Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags, fyrir lok árs 2020

Ábyrgð: Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, HSAM hópurinn.

3.6

Átak verði gert í bættri hirðingu fasteigna og umhverfi þeirra, fyrir lok árs 2020.

Ábyrgð: Íbúar, fyrirtæki, fasteignaeigendur og Langanesbyggð

Meginmarkmið 4: Skapandi mannlíf



4.1

Skipuleggja gamla hafnarsvæðið fyrir lok árs 2020.

Ábyrgð: *Langanesbyggð og verkefnisstjóri*

4.2

Innlendum og erlendum nemendum á listabraut verði boðin aðstaða á Bakkafirði. Lokið ágúst 2020.

Ábyrgð: *verkefnisstjóri*

4.3

Kvikmynd um Langanesbyggð. Lokið maí 2021.

Ábyrgð: *Langanesbyggð*

4.4

Skógrækt í þéttbýlinu. Lokið apríl 2020.

Ábyrgð: *verkefnisstjóri*

4.5

Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins. Lokið desember 2020

Ábyrgð: *Íbúasamtök*

4.6

Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Lokið janúar 2020.

Ábyrgð: *Langanesbyggð*

4.7

Virkja íbúasamtök Bakkafjarðar fyrir lok árs 2019

Ábyrgð: *Íbúar*

Skýringar á skammstöfunum

SLB:	Sveitarstjórn Langanesbyggðar
VBB:	Verkefnisstjórn Betri Bakkafjörður
ÓÁR:	Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnisstjóri
LSB:	Lurkur skógræktarfélag Bakkafjarðar
NRF:	Nýr rekstraraðili fiskvinnslu
HSN:	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
HS:	Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytinu
ÍB:	Íslandsbanki
PG:	Þorkell Gíslason, rekstraraðili, gistipjónustu, tjaldstæðis, veitinga- og kaffihúss
NN:	Náttúruverndarstofa Norðurlands
MN:	Markaðsstofa Norðurlands
LE:	Landeigendur
HRS:	Hafrannsóknastofnun
FKA:	Framkvæmdaaðili
HR	Hverfisráð
KÞH:	Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur, hjá Byggðastofnun



mynd: KÞH

SVÓT

Styrkleikar

Mannauður
Myrkur
Opið haf
Land/beitarland til matvælaframleiðslu
Stutt í fengsæl fiskimið
Atvinnuhúsnæði til staðar
Mikið landrymi á láglendi
Norðurljós-stjörnuhiminn
Víðátta

Veikleikar

Fámenni
Skólamál
Lítill þjónusta
Landbúnaður á undanhaldi
Lágt menntunarstig
Aldurssamsetning
Skortur á vinnuafli
Samdráttur í störfum hins opinbera og einkafyrirtækja
Ímynd
Fjarskiptasamband (gagnaflutningur)

Ógnanir

Langt í alþjóðaflugvöll
(þetta gæti etv. frekar verið veikleiki)
Sveitarfélagið fjárhagslega óhagstætt rekstrareining
Minni sala í lambakjöti
Neikvæð ímynd byggðarlagsins
Ótrygg raforka til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli
Fátt fólk á vinnumarkaði

Tækifæri

Langt frá þéttbýli - friðsæld
Nýting atvinnuhúsnæðis
Mjólkurframleiðsla
Fasteignaverð hagstætt
Fjölga jörðum í ábúð
Störf án staðsetningar, átak ríkisins
Uppbyggður vegur með slitlagi milli byggðakjarnana
Bætt ímynd
Gott fjarskiptasamband

Endurhæfing fyrir starfsmenn sem glíma við kulnun í starfi
Kynna Bakkafjörð sem áhugaverðan kost fyrir fyrirtæki í rekstri.
Náttúrurannsóknir
Greina áhugasvið íbúa
Aflaheimildir Byggðastofnunar verði nýttar til að skapa framtíðarstörf
Vinna með íbúum af erlendum uppruna l að skapa atvinnutækifæri, byggða á þeirra menningu
Binding kolefnis með skógrækt
Svæðið hagstætt til að virkja vindorku

Tillögur ráðherraskipaðrar nefndar í nóvember 2018

Nefndarmenn

Magnús B. Jónsson, form
Annas Jón Sigmundsson
Pétur Berg Matthíasson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Þórarinn V. Sólmundarson

Starfsmenn:

Hólmfríður Sveinsdóttir
Kristján Þ. Halldórsson

mynd: CC



Vandi byggðarinnar við Bakkaflóa er mjög mikill. Nefndin telur að ólíklegt sé að framkvæmd einstakra tillagna veiti næga viðspyrnu fyrir samfélagið við Bakkaflóa og geri það sjálfbært. Það er því lykilatriði að inngrip feli í sér samþættar og samstilltar aðgerðir ríkisins, sveitarstjórnar og íbúa og að þessir aðilar skuldbindi sig til samstarfs um að efla byggðina. Ljóst þykir að verði ekkert úr framkvæmd tillagna er hæpið að byggðin geti snúið vörn í sókn frá þeirri hnignun sem hefur átt sér stað á undanförunum misserum og árum. Í ljósi þessa leggur nefndin fram eftirfarandi tillögur til þess að bregðast við vanda byggðarinnar. Númer skyldrar tillögu starfshópsins er í sviga eftir því sem við á.

Tillaga 1 – aflaheimildir:

Tekið er undir nauðsyn þess fyrirkomulags sem birtist í nýgerðum samningi um aflaheimildir úr sértæku aflamarki Byggðastofnunar um 250 þíg. Þar sem afkastageta núverandi samningsaðila er takmörkuð er þó vandséð að samningurinn geti nýst öðrum aðilum í sjávarútvegi á Bakkafirði. Til að ná fram viðtækari jákvæðum áhrifum leggur nefndin til að bætt verði við að minnsta kosti 150 þíg tonnum við aflaheimildir til ráðstöfunar í plássinu og óskað eftir samstarfi um nýtingu þeirra. Fordæmi eru fyrir allt að 800 þíg tonna úthlutun til eins byggðarlags, þ.e. Djúpavogs. Jafnframt verði kannað hvort ná megi fram jákvæðari áhrifum á samfélagið með því að slá af kröfum um vinnsluskyldu á Bakkafirði fyrir þessar viðbótarheimildir, að minnsta kosti tímabundið. Núverandi reglur um aflamark Byggðastofnunar gera ráð fyrir að vinnsla fari fram innan vinnusóknarsvæðis og samkvæmt því væri t.d. vinnsla á Þórshöfn heimil. Við þetta má bæta að á síðasta ári var reglum í Langanesbyggð varðandi almenna byggðakvótann breytt þannig að vinnsluskyldan tekur til sveitarfélags í stað byggðarlags. (tillaga M1).

Tiltölulega einfalt er að koma þessari aðgerð við og í raun hefur það þegar verið gert að hluta með úthlutun Byggðastofnunar. Ekki er um útlagðan kostnað af hálfu ríkis að ræða þó svo að leggja megi mat á virði aflaheimilda með ætluðu leiguverði og þannig áætla ígildi stuðningsins við byggðarlagið.

Tillaga 2 – vegabætur:

Tekið er undir áform Vegagerðarinnar og eindregið lagt til að á árinu 2019 hefjist lagning bundins slitlags á Langanesströnd og að verkinu ljúki eigi síðar en 2021. Í beinu framhaldi verði hafist handa við vegagerð um Brekknaheiði (tillaga M2).

Ástand malarvega á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar hefur verið hamlandi fyrir sátt um sameiningu og samstarf á milli byggðarluta sveitarfélagsins. Íbúar Bakkafjarðar, og raunar sveitarfélagsins alls, líta á endurtekna frestun aðgerða sem svikin loforð ríkisins fyrir sameiningu sveitarfélaga árið 2006. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni stendur til að fara í vegbætur og leggja bundið slitlag á 20,5 km malarkafli á Langanesströnd. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2019 og að þeim ljúki 2021. Samkvæmt drögum að nýrri samgönguáætlun er gert ráð fyrir vegagerð á Brekknaheiði á síðasta ári fyrsta tímabils áætlunarinnar, eða árið 2023. Nefndin telur mikilvægt að ríkið stytti eftir því sem kostur er biðtíma eftir aðgerðum á Brekknaheiði og staðfesti með afgerandi hætti vilja sinn til að fresta ekki frekar aðgerðum og íbúarnir geti þannig miðað sínar áætlanir og aðgerðir við niðurstöðuna.

Tillaga 3 – Brothættar byggðir:

Lagt er til að byggðin við Bakkaflóa verði tekin strax inn í verkefnið Brothættar byggðir og ráðinn verkefnisstjóri til að stýra verkefninu. Í ljósi þess hversu illa stadd byggðarlagið er og þörfin mikil gerir nefndin það að tillögu sinni að á Bakkafirði starfi verkefnisstjóri í fullu starfi og hafi búsetu þar ef þess er nokkur kostur. Enn fremur að gerðar verði ráðstafanir í fjármálum til að það verði unnt (tillaga M3). *Verkefnið Brothættar byggðir hefur nú verið í framkvæmd víða á landinu frá árinu 2013. Nokkur árangur hefur náðst í flestum byggðarlaganna, einkum þar sem samstaða íbúa er mikil og þeir hafa nýtt tæki Brothættra byggða til framfara. Lykilatriði í verklaginu er að vinna á forsendum íbúa og í góðu samstarfi verkefnisstjóra, verkefnisstjórnar, íbúa og annarra haghafa, þar með talið sveitarfélags og ríkis. Þetta verklag hefur meðal annars í för með sér að nokkur tími fer í undirbúning verkefnisins, samráð og móttun stefnu, áður en hafist er handa við úrlausn mála. Við það bætist að verkefnið er ekki trygging fyrir aðgerðum annarra haghafa, svo sem ríkis og sveitarfélags. Í því ljósi og mikils vanda byggðarlagsins er það niðurstaða nefndarinnar að verkefnið geti orðið gagnlegt innlegg en að eitt og sér verði það ekki fullnægjandi lausn fyrir byggðarlagið til að ná vopnum sínum á ný. Enn fremur gerir slæm staða byggðarlagsins það að verkum að nefndin telur fjárhagslega hlið verkefnisins ekki rúmast innan almennra framlaga Byggðastofnunar til verkefnisins Brothættra byggða og þá meðal*

annars er varðar ráðningu verkefnisstjóra í fullt starf.

Tillaga 4 – Samfélagssáttmáli um m.a. þjónustu og umhverfismál:

Að frumkvæði sveitarstjórnar verði gerður samfélagssáttmáli á milli sveitarstjórnar, íbúasamtaka (tillaga a5) og ríkis. Þar verði meðal annars lýst yfir vilja til að snúa við neikvæðri byggðapróun og settar fram skuldbindingar hvers aðila fyrir sig. Í sáttmálanum verði jafnframt komið inn á aðrar tillögur starfshópsins og gerð grein fyrir þeim atriðum sem aðilar málsins vilja taka fyrir. Varast ber þó að ætla að slíkur samningur taki á öllum atriðum sem leysa mætti með samstarfi í framhaldinu, til dæmis á vettvangi verkefnisins Brothættra byggða og því samtali sem þar fer fram á milli aðila. Í umræddum samfélagssáttmála mætti taka á ýmsum málum en nefndin bendir á eftirfarandi atriði sem hún telur skipta máli:

a) Að áttak verði gert í að efla nærþjónustu. Það mætti gera með því að opna verslun með brýnustu dagvörur ásamt því að hafa kaffihorn til skrafs og ráðagerða fyrir íbúa. Það er raunar þegar á dagskrá hjá Langanesbyggð að lagfæra verslunarhúsnæði og koma á fót viðeigandi þjónustu í verslun (tillaga M4). Enn fremur verði lögð áhersla á að ná sátt um skólasel eða annað form grunn- og leikskólþjónustu svo að barnafólk geti sest að á Bakkafirði (tillaga a4). Sveitarstjórn hefur einnig ákveðið að koma á reglulegri viðveru sveitarstjóra og er það gott innlegg í aukin og bætt samskipti. *Samkvæmt því sem sjá má í reifun nefndarinnar er sú staða óhugsandi með tilliti til sjálfsmyndar og stöðu byggðarlagsins að ekki sé aðgangur að*

dagvöru í byggðinni. Nefndin telur að lágmarkspjónusta í verslun, samfara aðstöðu til samveru og eftir atvikum annarri þjónustu, sé til þess fallin að auka samstöðu íbúa og hvetja þá til frekari viðleitni í þágu samfélagsins. Ljóst er að sveitarfélagið þarf að finna lausn á þessu í samstarfi við íbúa en rætt hefur verið um leiðir til að styðja við verkefnið með ýmsu móti. Sveitarfélagið hefur þegar uppi áform um verslunarþjónustu.

Ljóst er að það er algert grundvallaratriði að komið verði á einhverjum valkosti í grunn- og leikskólamálum sem gerir barnafólki kleift að setjast að í þorpinu þó að það verði nokkuð snúið. Skoða þarf hvort mögulegt er að bjóða upp á þann valkost að skólasel verði starfrækt undir stjórn og umsjón skólastjóra grunnskóla en í nánu samstarfi leikskólans Barnabóls. Með slíku fyrirkomulagi mætti hugsa sér að börn þyrftu ekki að fara alla daga yfir á Þórshöfn en gætu stundað fjarnám í skólaseli. Faglegur og fjárhagslegur stuðningur gæti komið frá Þekkingarneti Þingeyinga, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

b) Að átak verði gert í umhverfismálum á Bakkafirði. Það verði gert með því að leita að framtíðarlausn fyrir sorpförgun svo sem fram kemur í gildandi aðalskipulagi. Það fæli að mati nefndarinnar í sér að hætta mætti sorpurðun á urðunarsvæðinu á Bakkafirði. Enn fremur verði átak í umhirðu húseigna, opinna svæða og mannvirkja í

samstarfi sveitarfélags og íbúa/íbúasamtaka.

Leitað verði að framtíðarlausn fyrir sorpförgun svo sem kveður á um í aðalskipulagi. Þetta þýðir í huga nefndarmanna að leita leiða til að hætta sorpurðun á urðunarsvæðinu á Bakkafirði og þannig megi meðal annars opna fiskþurrkunarsvæðið á ný ef vilji heimamanna stendur til þess. Fram hefur komið á íbúafundi og í samtölum við íbúa á Bakkafirði að meðferð sorps og urðun þess við bæjardyr þeirra sé óboðlegt með öllu og að þetta beri jafnframt vitni um algjört skeytingarleysi af hálfu sveitarstjórnar í garð Bakkfirðinga í kjölfar sameiningar. Þetta fyrirkomulag varð til þess að fiskþurrkunarsvæði heimamanna var lokað vegna nálægðar við urðunarsvæðið og hefur þar af leiðandi valdið búsigfum fyrir fiskverkunina. Úrbætur í meðhöndlun sorps gætu orðið mikilvægur áfangi í að koma til móts við íbúa á Bakkafirði.

Átak verði gert í umhirðu húseigna, opinna svæða og mannvirkja yfirleitt. Til að ná árangri í umhirðu og umhverfi samfélagsins verður að koma til sameiginlegt átak þar sem sveitarstjórn og íbúar eða íbúasamtök setja sér skýr markmið og lýsa yfir vilja til að standa saman að ákveðnum aðgerðum. Það væri til dæmis hægt að setja það markmið að Bakkafjörður yrði snyrtilegasta og fallegasta þorp á Íslandi. Til að ná því þarf auðvitað bæði einarðan vilja, mannafla og fjármuni. Verkefnisstjóri Brothættra byggða gæti haft frumkvæði að úrbótum og leitt aðila saman til verka. Einnig mætti huga að því að fá sjálfboðaliða, t.d. 5–10 manna hóp, í einn mánuð á sumri til starfa með íbúum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Þótt sjálfboðaliðar á vegum UST starfi t.d. fyrst og fremst á friðlýstum svæðum mætti athuga

með slíka hópa eða hliðstæða.

Tillaga 5 – Náttúruvísindisráðgjafi:

Skoðað verði að koma á fót starfsstöð í náttúruvísindisráðgjafi á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnaflóa og nágrennis. Um væri að ræða útibú frá annaðhvort Náttúrufræðistofnun Íslands eða Náttúrustofnu Norðausturlands. Líta má á það sem undirbúning með hliðsjón af mögulegri stórskipahöfn, auk þess sem slíkar rannsóknir gætu leitt í ljós einhverja þá sérstöðu sem gagnast gæti byggðarlaginu síðar. Það er fullljóst að þótt ekki sé fjallað um hugmyndir um stórskipahöfn við Finnaflóa í skýrslu nefndarinnar að unnið er markvisst að því verkefni. Það væri því eðlilegt aðgerð af hálfu stjórnvalda á Íslandi að styðja við og/eða koma á fót rannsóknarverkefni á sviði náttúruvísinda sem hefði það markmið að rannsaka og kortleggja allt lífríki og umhverfi Finnaflóa og næsta nágrennis. Jafnframt væri eðlilegt að finna slíkri rannsóknarstöð stað á Bakkafirði. Til að svara þeirri umræðu að sá aðili sem óski eftir umhverfismati kosti það má segja að ekki verði í framtíðinni ástæða til annars en fullt verð komi fyrir þær upplýsingar sem kunna að safnast og notaðar verða til umhverfismats. Sömuleiðis má benda á að íslensk stjórnvöld þurfa að hafa sem bestar upplýsingar til að byggja allar ákvarðanir á sem varða land og haf þegar um er að ræða jafn stórfellt inngríp og stórskipahöfn

í Finnaflóa. Þá má einnig benda á að við þær breytingar sem viðurkenndar eru og verða á hitastigi Jarðar er nauðsynlegt að halda úti vöktun á náttúru landsins og eru fáir staðir betur til þess fallnir en þar sem náttúran er tiltölulega ósnortin, út við ysta haf.

Kostnaður ríkisins

Kostnaður ríkisins af ofangreindum tillögum yrði allt að 40 m.kr. á ári. Kostnaður vegna vegabóta eða aflaheimilda er þar ekki meðtalin. Fjármununum yrði annars vegar varið til að kosta starf verkefnisstjóra Brothættra byggða og starf við rannsóknir á lífríki Bakkaflóa og hins vegar til að styðja við ýmis uppbyggingar-, nýsköpunar- og samfélagsverkefni í tengslum við Brothætta byggðir og samfélagssáttmála. Gert er ráð fyrir að samningur um verkefnið verði til fimm ára, en verði endurskoðaður að tveimur árum liðnum. Lagt er til að Byggðastofnun verði falin umsjón með verkefninu og að það verði unnið í nánú samstarfi við íbúa, sveitarstjórn, landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélagsins og annarra stöðstofnana í landshlutanum. Til viðbótar við framlag ríkisins er ljóst að sveitarfélagið þarf jafnframt að leggja sitt af mörkum, bæði í formi fjár- og vinnuframlags

Mat á árangri

Nefndin leggur til að árangur af aðgerðum verði metinn að tveimur árum liðnum af þar til bærum aðila og í framhaldinu ákveðið hvort slíkir meinbugir eru á framkvæmd verkefnisins eða horfum á árangri að ekki sé talið réttlætlegt að halda áfram. Ella verði verkefninu haldið áfram samkvæmt áætlun.

Við slíkt mat mætti horfa til þess hvernig hefur tekist til við að hefja framkvæmd einstakra tillagna, meðal annars ná saman um samfélagssáttmála og hvernig verkefnisáætlun fyrir verkefnið Brothættar byggðir framvindur. Enn fremur hvort tekist hefur að laða fram hugmyndir að framfaraverkefnum íbúa og sveitarfélags og taka fyrstu skref í að styðja slík verkefni með því að úthluta styrkjum í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir. Eðlilegt er að í lok verkefnis verði lýðfræðilegar breytur skoðaðar og þær bornar saman við upphaf þess í byrjun árs 2019.

Samantekt frá Ildi ehf, þjónustu og ráðgjöf unnin upp úr íbúapingi frá mars 2019

Eftir líflegar og fjölbreyttar umræður á tveggja daga íbúapingi, lauk því þannig að þátttakendur forgangsroðuðu þeim málefnum sem rædd höfðu verið yfir helgina, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar á Bakkafirði. Hver og einn fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka, að vild.

Atvinnumál hlutu lang mest vægi, sem kemur ekki á óvart í ljósi bágrar stöðu í atvinnumálum. Helst eiga Bakkafirðingar sér draum um nýtt fyrirtæki í fiskvinnslu og þá ekki aðeins frumvinnslu, heldur hugsanlega fyrirtækis sem „fer lengra í virðiskeðjunni“. Einnig sáu þátttakendur nýja möguleika í annarri matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, auk starfa án staðsetningar.


Þróun byggðar á Bakkafirði, ræðst að verulegu leyti af búsetuski-lyrðum fyrir fjölskyldur og var þeim málum gefið mikið vægi á þinginu. Þar vegur skólastarf þyngst, að mati heimamanna og var lögð áhersla á að opna leik- og grunnskóla á ný, mögulega með samstarfi við skólana á Þórshöfn.

Fólki var umhugað um umhverfismál og þá annars vegar að bæta

ásýnd og hins vegar að finna nýjan urðunarstað fyrir sorp, sem og koma fráveitumálum í lag. Áhugi er á að auka samskipti milli byggðarlaganna innan Langanesbyggðar og var varpað fram ýmsum hugmyndum til þess. Varðandi samgöngur kom fram að klára þurfi veginn til Bakkafjarðar og bæta vetrarþjónustu. Ræddar voru hugmyndir um listamiðstöð og hvernig mætti auka framboð á íbúðarhúsnæði. Átak í gróðursetningu og lagningu og merkingu gönguleiða tengist óskinni um bættu ásýnd Bakkafjarðar. En einnig því að fjölga afþreyingarmöguleikum og þar rötuðu ýmsar fleiri hugmyndir á blað. Þörf er fyrir islenskukennslu fyrir erlenda íbúa.

Einhverjir hafa áhuga á að komið verði upp aðstöðu til matvælavinnslu. Önnur málefni sem komu til umræðu var hugmynd um sumarþúðir fyrir börn á Bakkafirði, tækifæri tengd raungreinakennslu, bæði fyrir nemendur á staðnum og mögulega víðar að, sem og fræðasetur. Þar sem hver og einn íbúi skiptir svo miklu máli, var varpað fram hugmynd um að greina áhugasvið og hæfni íbúa, menntun og reynslu og sníða verkefni til eflingar byggðar að óskum, löngunum og krafti samfélagsins.

Forgangsröðun



Viðauki - Starfsmarkmið – aðgerðir

Í viðaukanum er gerð nánari grein fyrir einstökum aðgerðum sem eru skref í að ná viðkomandi starfsmarkmiðum.

Starfsmarkmið 1.1 Sníða lausn í skólamálum sem hentar samfélaginu við Bakkafjörð, farnar verði nýjar leiðir sem geta nýst dreifðum byggðum og samræmast getu sveitarfélagsins.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Leita leið til að reka skólasel á Bakkafirði	03/2020	05/2020	ÓÁR/SLB
Funda með Mennta- og menningarráðuneytinu	03/2020	03/2020	ÓÁR/SLB
Funda með Háskólanum á Akureyri	03/2020	03/2020	ÓÁR/SLB

Starfsmarkmið 1.2 Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur út á vinnumarkaðinn, með því að fá aðila til verksins með þekkingu á því sviði

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Starfsendurhæfin Norðurlands, Heilbrigðisstofnun og Virk greini vandann	02/2020	04/2020	HSN

Starfsmarkmið 1.3 Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Opna kaffihús/veitingastað að Hafnartanga 4	06/2019	10/2019	ÞG
Koma á fót pöntunarþjónustu fyrir smávöru	07/2019	12/2019	ÞG

Starfsmarkmið 1.4 Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetur/Orkustofnun um átak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Viðræður við Orkusetur/orkustofnun	01/2020	03/2020	VBB



Sterkir samfélagsinnviðir

Starfsmarkmið 1.5 Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samfélaginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Kynna sjóði og tækifæri sem þeim fylgja fyrir íbúum	01/2020	10/2020	VBB

Starfsmarkmið 1.6 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa, þar með talið þorpið, með tengingu við ljósleiðaranet á Þórshöfn um Brekkaheiði.


Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Lagning ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa	10/2019	12/2019	SLB

Starfsmarkmið 2.1 Komin verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Sértækum kvóta úthlutað	11/2019	11/2019	Byggðast.

Starfsmarkmið 2.2 Fjarvinnslustörf á Bakkafirði

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Ljósleiðaratengingu lokið í þéttbýli Bakkafjarðar	10/2019	12/2019	SLB
Kynna tækifæri sem liggja í ljósleiðaravæðingu Bakkafjarðar fyrir opinberum stofnunum	10/2019	02/2020	ÓÁR/SLB



Öflugt atvinnulíf

Stefna að samningum um 2-4 heilsársstörf	10/2019	12/2019	ÓÁR
Samning við sveitarfélagið um húsnæði	01/2020	01/2020	ÓÁR
Starfsmenn ráðnir	02/2020	02/2020	VBB

Starfsmarkmið 2.3 Náttúrufræðing til starfa á staðnum

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Starfsmaður ráðuneytisins fær heimild til ráðningar	03/2020	03/2020	HS
<i>Náttúrustofnun Norðausturlands kemur að verkefninu</i>	01/2020	01/2020	NN
Finna þarf íbúðarhúsnæði fyrir starfsmann	05/2020	05/2020	NN
Semja um vinnuaðstöðu fyrir starfsmann	05/2020	05/2020	NN/SLB

Starfsmarkmið 2.4 Ferðapjónusta tengd skólahúsnæðinu

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Gera samning við verktaka	06/2019	06/2019	SLB/PG
Skilgreina húsnæði út frá frekari notkun s.s. undir störf í fjarvinnslu og stöðu náttúrufræðings	08/2019	09/2019	SLB/PG

Starfsmarkmið 2.5 Kortleggja afþreyingu á svæðinu

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Kanna vilja sveitarfélagsins til móttöku Expedition skemmtiferðaskipa	05/2020	06/2020	MN/SLB
Kanna möguleika á hvala- og fuglaskoðun	06/2020	07/2020	MN/SLB
Skoða svæði fyrir strandstangaveiði	06/2020	07/2020	MN

Starfsmarkmið 2.6 Skilgreina og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkafjarðar

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Heimild frá landeigendum til að merkja þekktar gönguleiðir	03/2020	04/2020	SLB
Útbúa stikur (sjá fræðslurit Ferðamálastofu)	05/2020	06/2020	SLB
Merking gönguleiða	06/2020	07/2020	SLB/LE
Koma upp upplýsingaskiltum um gönguleiðirnar	06/2021	07/2021	SLB/LE

Starfsmarkmið 2.7 Koma starfsemi af stað í húsnæði Hafnargötu 2-4

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Íslandsbanki eigandi húsnæðisins auglýsir húsnæðið til sölu	10/2019	12/2019	ÍB
Verkefnisstjóri vinnur með nýjum eigendum	01/2020	03/2020	ÓÁR/NRF
Starfsemi hafin í húsnæðinu	04/2020		NRF

Starfsmarkmið 2.8 Kanna markað fyrir námskeið í stofnun fyrirtækja

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Leita til Nýsköpunarmiðstöðvar um námskeiðshaldið	02/2020	02/2020	ÓÁR
Námskeiðið kynnt	02/2020	02/2020	ÓÁR
Námskeiðið haldið	03/2020	03/2020	ÓÁR

Starfsmarkmið 2.9 Áningarstaðir/útskot við veginn um Langanesströnd

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Láta útbúa áningastaði/útskot á þekktum svæðum	2020	2021	SBL

Starfsmarkmið 3.1 Sérstaða Bakkafjarðar og nærsveita verði skilgreind

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Fundur með íbúum	02/2020	02/2020	ÓÁR
Verkefni kynnt fjölmiðlum, Markaðstofu Norðurlands	03/2020	03/2020	ÓÁR

Starfsmarkmið 3.2 Virkja kraft íbúana til framfara

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Nýsköpunarmiðstöð/Ráðgjafi	10/2020	10/2020	ÓÁR

Starfsmarkmið 3.3 Aðgerðaráætlun í umhverfismálum

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Sveitarfélagið og hverfarad/íbúar	05/2020	11/2020	SLB

Starfsmarkmið 3.4 Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Unnið verði áætlun fyrir höfnina sem miðar að því að ná viðmiðum Bláfánans	01/2020	12/2020	SLB



Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar

Starfsmarkmið 3.5 Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Stýrihópur um heilsueflandi samfélag leiði verkefnið.	02/2020	12/2021	SBL
Unnið verði áætlun fyrir höfnina sem miðar að því að ná viðmiðum Bláfánans	01/2020	12/2020	SLB

Starfsmarkmið 3.6 Átak verði gert bættri hirðingu fasteigna og umhverfi þeirra.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Eigendur/umráðamenn fasteigna geri átak umhverfismálum	04/2020	12/2020	ÓÁR

Starfsmarkmið 4.1 Skipuleggja gamla hafnarsvæðið

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Leita eftir styrk frá opinberum sjóðum/ fyrirtækjum til hönnunar á tanganum við gömlu höfnina þar sem komið verði upp m.a. heitum potti og upplýsingaskilti. Hönnunin gangi út frá því að útsýni verði gott til allra átta.	01/2020	02/2020	SLB/ÓÁR

Starfsmarkmið 4.2 Innlendum og erlendum nemendum á listabraut verði boðin aðstaða á Bakkafirði

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Innlendum og erlendum nemendum á listabraut boðin dvöl á Bakkafirði yfir vetrartímam.	09/2020	12/2020	Þ.G.
Aðstaða í kjallara Grunnskólans standi listamönnum til boða sem vinnustofa.	05/2020	05/2020	SLB



Skapandi mannlíf

Starfsmarkmið 4.3 Kvikmynd um Langanesbyggð

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Leita til kvikmyndargerðarmanns um gerð stuttmyndar um Langanesbyggð	02/2020	06/2021	SLB
Sótt verði um styrk til verkefnisins frá opinberum sjóðum	02/2020	06/2021	SLB

Starfsmarkmið 4.4 Skógrækt í þéttbýlinu

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Vinna með Lurk skógræktarfélagi Bakkafjarðar, um skipulag verkefnisins	04/2020	04/2020	ÓÁR
Skoða þann möguleika að stofna sjóð þar sem vegfarendum og öllum þeim sem áhuga hafa, verði boðið að leggja fram fé til gróðursetningar í nafni "kolefnisjöfnunar"	04/2020	05/2020	LSB
Átak gegn útbreiðslu lúpínu	06/2020	7/2021	LBS
Panta plöntur	05/2020	05/2020	LSB
Hefja gróðursetningu	06/2020	06/2020	LSB

Starfsmarkmið 4.5 Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Stofna hagsmunasamtök Langanesbyggðar	01/2020	04/2020	HR

Starfsmarkmið 4.6 Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Miðstöð símenntunar á Norðurlandi	03/2020	04/2020	SLB

Starfsmarkmið 4.7 Virkja íbúasamtök Bakkafjarðar

Aðgerðir:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
Íbúasamtök Bakkafjarðar verði virkjuð.	12/2019	12/2019	SLB